Patreksfjörður 23.9.2026

Til bæjarstjórnar Vesturbyggðar

Við undirrituð, íbúar við Sigtún á Patreksfirði, viljum koma á framfæri áhyggjum okkar og óska eftir endurskoðun á þeirri tillögu að reisa varnargarð fyrir ofan götuna okkar.

Við viljum taka skýrt fram að við styðjum öll mikilvægi þess að tryggja öryggi byggðarinnar og að gripið sé til raunhæfra og árangursríkra aðgerða til varnar ofanflóðum, aurflóðum og krapaflóðum. Öryggi íbúa þarf ávallt að vera í forgangi.

Hins vegar höfum við verulegar áhyggjur af þeirri framkvæmd sem nú liggur fyrir. Okkur finnst fyrirhugaður varnargarður fela í sér mjög mikið og varanlegt inngrip í náttúrulegt umhverfi svæðisins, landslag og ásýnd bæjarins. Svæðið ofan við Sigtún er mikilvægur hluti af nærumhverfi íbúa og náttúruupplifun sem margir meta mikils. Einnig bendum við á að framkvæmdin myndi að öllum líkindum leiða til þess að skógarsvæðið fyrir ofan Sigtún yrði fjarlægt að mestu eða öllu leyti. Trén þar hafa á síðustu árum myndað mikilvægt skjól fyrir hverfið, auk þess sem svæðið hefur nýst íbúum vel til útivistar og gönguferða. Þar hafa skapast skemmtilegar gönguleiðir og náttúrulegt útivistarsvæði sem börn og fjölskyldur nýta sér daglega. Okkur þykir það mikil synd ef komandi kynslóðir fá ekki að njóta þessa svæðis áfram.

Við óskum því eftir að bæjarstjórn og viðeigandi sérfræðingar skoði aðra möguleika til fulls áður en ráðist verður í svo umfangsmikla framkvæmd. Þar má meðal annars nefna lausnir á borð við snjóflóðagrindur, snjóhengjuvarnir, stál- og netakerfi og aðrar sambærilegar aðferðir sem víða hafa sýnt góðan árangur við varnir gegn snjóflóðum, aurflóðum og krapaflóðum með minna raski á umhverfi og landslagi. Slíkar lausnir hafa meðal annars verið nýttar með góðum árangri í Sviss, Austurríki og Noregi, þar sem lögð hefur verið áhersla á að samræma öryggi byggðar og vernd náttúrlegs umhverfis. Einnig hafa víða á Íslandi verið notaðar fjölbreyttar varnir eftir aðstæðum hverju sinni, þar sem metið er hvaða úrræði henta best bæði út frá öryggi og áhrifum á samfélag og náttúru.

Við teljum mikilvægt að allar mögulegar lausnir verði metnar á faglegan og gagnsæjan hátt, bæði með tilliti til öryggis, kostnaðar, umhverfisáhrifa og langtímaáhrifa á samfélagið og náttúruna í kring. Við óskum sérstaklega eftir því að óháður samanburður verði gerður á mismunandi útfærslum áður en endanleg ákvörðun verður tekin. Við óskum eftir opnu samtali við bæjaryfirvöld um málið og að íbúar fái raunverulegt tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en endanleg ákvörðun verður tekin.

Virðingarfyllst,

Lilja Sigurðardóttir
H. Bára Erlingsdóttir
Birna Hannesdóttir
Vérný Gróa Guðmundsdóttir
Bergrún Halldórsdóttir
Sigríður Jónsdóttir
Margrét Bryndísdóttir

Andrés Silva
Smári Gestsson
Magnús Jónsson
Kristjana Karlsdóttir
Guðmunda Daníelsdóttir
Haukur Már Sigurðsson